

Ed.

720. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að samþykkt hefir verið í sameinuðu Alþingi þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, þykir deildinni ekki ástæða til þess að samþykkja frv. og tekur því fyrir næsta mál á dagskránni.

Alþingi, 6. des. 1935.

Jón Baldvinsson,
form.

Bernh. Stefánsson,
fundaskr., frsm.